

Þingeyjarsveitar- og Skútustaðahreppur
Bjarni Reykjálín
Kjarna
650 Laugar



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 11. nóvember 2014
Tilvísun: UST20141100068/ksj

Tillaga að deiliskipulagi athafnasvæðis á jörðinni Garður II, í Skútustaðahreppi.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skútustaðahrepps er barst 11. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi athafnalóða í landi Garðs II í Þingeyjarsveit.

Í ofangreindri tillögu að deiliskipulagi er gert ráð fyrir fimm lóðum fyrir atvinnustarfsemi, þrjár þeirra skiptast í a og b hluta og er b-hluti lóðanna ætlaður fyrir starfsmannahús. Umhverfisstofnun veitti umsögn um lýsingu ofangreindrar deiliskipulagstillögu og ítrekar stofnunin þá umsögn. Auk þess vill stofnunin taka eftirfarandi fram:

Fráveita

Í ofangreindri deiliskipulagstillögu kemur fram að fráveita muni tengjast tveim rotþróm/hreinsistöðvum og verður önnur þeirra staðsett u.þ.b. 170 m frá hringvegi eða vestast á deiliskipulagssvæðinu og hin norðarlega fyrir miðju svæðinu. Einnig kemur fram í greinargerð að skipulagssvæðið og þar með áætlaðar rotþrær eru inni á vatnsviði Mývatns og Laxár sbr. reglugerð nr. 665/2012 og að skólp á vatnsviðinu skuli hreinsað með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa hreinsun. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að koma fram í tillögu að deiliskipulagi hvernig þriðja hreinsunarþepri verði háttáð. Umhverfisstofnun bendir á að einnig er möguleiki að gera ráð fyrir safntanki sem síðan yrði tæmdur reglulega og seyra flutt á urðunarstað sem er viðurkenndur fyrir seyrur.

Virðingarfyllst
Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur